

Varðandi:

**Frumvarp til laga un endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda
149. löggjafarþing 2018-2019
Þingskjal 136 - 136. mál**

Vestmannaeyjar 20.febrúar 2019

Ágætu nefndarmenn í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Við hjá Íþróttabandalagi Vestmannaeyja fögnum framkomnu frumvarpi sem nú liggur fyrir hjá Alþingi. Þetta frumvarp er afar mikilvægt í uppbyggingu íþróttamannvirkja en það er ein aðalforsendan fyrir því að efla starfsemi íþróttafélaga í landinu. Auk þess getur það stutt félögin til að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru um aðstöðu fyrir íþróttafólk svo það geti stundað íþrótt sína með besta móti. Til dæmis með knattspyrnuhúsum en þau nýtast ekki einungis knattspyrnufólki heldur líka t.d. eldri borgurum. Fyrir íþróttafélögin, sérstaklega á landsbyggðinni, er reksturinn mörgum félögum erfiður þó svo að ferðasjóður Í.S.Í. hafa hjálpað mikið til. Það er því ljóst að samþykkt þessa frumvarps mun skipta miklu máli við að efla íþróttastarf í landinu. Íþróttabandalag Vestmannaeyja skorar því á efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að veita frumvarpi þessu brautargengi á Alþingi, íþróttahreyfingunni í landinu til heilla.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða ef frekari upplýsinga er þörf.

F.h. Íþróttabandalags Vestmannaeyja

Hjördís Steina Traustadóttir
Formaður